

Nd.

291. Frumvarp til laga

[139. mál]

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. desember 1976, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrár- númer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	1 kg	45,60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	Karamellur	1 kg	45,60
06	Vörur úr gúmmi arabikum	1 kg	45,60
09	Aðrar	1 kg	45,60
18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:		
úr 04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri	1 kg	20,80
úr 04	Annað	1 kg	45,60
05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	1 kg	45,60
06	Fyllt súkkulaði, súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt	1 kg	45,60
úr 09	Súkkulaðiis og ís húðaður með súkkulaði		0,00
úr 09	Annars	1 kg	45,60
22.01	Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:		
01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	17,00
22.02	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 22.07:		
01	Gosdrykkir	1 l	16,00
09	Annað	1 l	16,00
22.03	Öl gert úr malti:		
01	Maltöl og annað yfirgerjað öl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhóli miðað við rúmmál	1 l	14,00
09	Annað	1 l	17,00

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða franlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978 og gilda til 31. desember 1978.